

Nd.

93. Frumvarp

til laga um mótak.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú á einhver eða hefir umráð á landi, sem mótak er í, og er hann þá skyldur til að láta það af hendi til mótaks, eftir því sem nauðsyn er á og eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum. Eigendur eða leigjendur lands eru einnig skyldir til að leyfa að þurka, hlaða upp og geyma í landi sínu mó þann, sem þar er tekinn upp.

Ef ágreiningur verður milli eiganda eða umráðamanns mólands og þess, er óskar mótaks, um, hvort hinum síðarnefnda sje nauðsyn á mótaki á

þeim stað, eða hvar i landinu megi þurka og geyma mó, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem mólandið er, skera úr, og verður þeim úrskurði eigi áfrýjað. Meðan nægilegt móland er innan takmarka hrepps eða kaupstaðar, er óheimilt mótak utan þeirra takmarka, nema aðiljar sjeu ásáttir um.

2. gr.

Sá, sem þarfnast mótaks og nær eigi viðunanlegum samningum við eiganda eða umráðamann mólands, getur krafist þess af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem hann er búsettur, að hún gefi honum vottorð um, hversu mikið hann teljist þurfa af mó til 1 árs. Með vottorð þetta getur hann snúið sjer til bæjarfógeta eða sýslumanns og fengið hjá honum kvadda 2 hæfa og óvilhalla menn til að meta gjald fyrir mótak það, er hann þarfnast samkvæmt vottorði hreppsnefndar. Þjett er og, að fleiri sjeu saman um að fá tilnefnda matsmenn, og bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur einnig fengið tilnefnda menn til að meta gjald fyrir mótak handa fleiri eða færri af íbúum kaupstaðarins eða hreppsins, eða handa íbúum ákveðins hluta hrepps eða kaupstaðar, en tilgreina skal þá jafnan, hversu mikið ætla megi að þurfi af mó.

3. gr.

Gjald fyrir mótak, þurkun mós, upphleðslu, geymslu, hnausstungu, torf-ristu og átroðning, skulu hinir kvöddu menn meta, eftir gæðum mós, þykt hans, legu mólands og gæðum, og yfirleitt öllu, sem máli skiftir um verðmæti hans og mólandsins. Þó má gjaldið venjulega eigi vera hærra en 10% umfram það gjald, sem tekið var fyrir mótak á þeim stað árið 1917; en hafi enginn mór þá verið tekinn þar, skal hafa hliðsjón af slíku gjaldi á því ári i sama bygðarlagi. Nú er móland leigujarðar tekið samkvæmt lögum þessum, og skiftist gjaldið þá milli landsdrottins og leiguliða, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður eða bæjarfógeti kveður til þess, nema aðiljar komi sjer saman um skiftinguna.

4. gr.

Sá, sem fær mótak samkvæmt lögum þessum, er skyldur til að ganga þannig frá mógröfum, að skepnum stafi eigi veruleg hætta af.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan Norðurálfuólfriðurinn stendur.